MENNING

Myndlist | Steingrímur Eyfjörð opnar sýninguna *Bein í skriðu* í Gallerí 101 í dag kl. 17

Varúð – Grjótskriða

Eftir Þormóð Dagsson
thorri@mbl.is

HUGMYNDIN að sýningunni *Bein í skriðu*, sem myndlistarmaðurinn Steingrímur Eyfjörð opnar í dag í Gallerí 101, kviknaði þegar listamaðurinn kom auga á blaðaljósmynd af stórum steinum sem lent höfðu á einhverjum vegi landsins í kjölfar leysinga síðastliðið vor. Hvar þetta ákveðna grjónhrun varð eða hvenær eru ekki lykilatriði í þessu samhengi heldur er það fyrirbærið sjálft sem vakti áhuga listamannsins. „Mér finnst vera ákveðin tilhneiging hjá Íslendingum til að líta á fyrirbæri eins og grjótskriðu sem verknað lifandi vera og gjarnan í tengslum við hugmyndir um náttúruvætti, tröll og svo framvegis. Í þessari sýningu er ég að vinna með þessa ákveðnu þjóðlegu tilfinningu sem er ennþá svo rík í nútímamanneskjunni," segir Steingrímur. Skömmu eftir að hugmyndin kviknaði hóf Steingrímur að teikna ýmiskonar myndir af tröllslegum fígurum sem hann vann einungis út frá eigin tilfinningum til viðfangsefnisins og urðu teikningarnar á endanum hundrað talsins.

Kynjadýr

Fígúrur þessar eru ófríðar og nokkuð kómískar í útliti, af báðum kynjum og allar eru þær að burðast með grjót. Á endanum valdi hann úr sextán fígúrur sem hann teiknaði inn á tölvu og gerði því næst skúlptúr eftir þeim úr útskornum rauðlökkuðum álplötum. Til þess að skera í álplöturnar notaðist hann við vatnskurð með granítflögum en slík tækni er mikið notuð við ýmiskonar iðnað. Myndirnar af fígúrunum hanga svo innrammaðar í galleríinu og skúlptúrarnir standa uppraðaðir í hillum. Einungis sjö eintök eru gerð af hverjum skúlptúr í þessu formi en síðan mun vera hægt að sérpanta eintak í öllum stærðum og úr ýmis konar efni. Á miðju sýningargólfinu er búið að koma fyrir nokkrum grjóthnullungum en þeir kallast á við tvö viðvörunarskilti sem vara við grjótskriðu og standa til sýnis við einn vegginn.

Að sögn listamannsins er sýningin ákveðinn virðingavottur við þann hluta þjóðarsálarinnar sem fær Íslendinginn til að sjá fyrir sér furðulegustu kynjaverur í náttúrunni. „Það er að mínu mati afar dýrmætur hlutur og það þarf að passa vel upp á hann," segir Steingrímur og bætir við að sýningin sé að sama skapi tileinkuð listmálaranum Ásgrími Jónssyni en eftir hann liggja einmitt margar þjóðþekktar myndir af kynjaverum íslenskrar náttúru.

Sýningin verður sem fyrr segir opnuð í dag klukkan 17.00 og stendur til 3. júní. Þess má geta að 12. júní verður opnuð yfirlitssýning á verkum Steingríms og Birgis Andréssonar í Listasafni Íslands.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Myndlistarmaðurinn Steingrímur Eyfjörð og hluti sýningarinnar.

Óður til karlmennskunnar

MYNDLIST

Listasafn Reykjarvíkur
Hafnarhús

Guðjón Bjarnason

Sýningin stendur til 23. apríl. Opið daglega frá kl. 10-17, (einnig alla páskana).

AFsprengi HUGsunar eða EXploding MEaning er titillinn á sýningu Guðjóns Bjarnasonar í Listasafni Reykjavíkur, titill sem gefur kynna að ákveðin samsvörun felist í aðferðafræðinni við gerð verkanna, þar sem notast er við sprengingar, og því hvernig hugurinn og ímyndunaraflið starfar. Orðaleikur er byggður inn í titilinn, og einnig titla einstakra verka þar sem hástafirnir mynda oft aukamerkingu ef þeir eru lesnir sér.

Sýningin samanstendur af tveimur stórum innsetningum í sitthvorum salnum, myndbandsverki í fjölnotasal og kynningarmyndbandi í anddyri safnsins. Þótt tölvuprentaðar afstrakt myndir á plaststriga séu aðaluppistaða annarrar innsetningarinnar þá eru það upphafnir sprengdir járnskúlptúrar og dramatíseruð skrásetning á því hvernig verkin verða til það meginstef sem sýningin hverfist um. Myndbandið í fjölnotasalnum sýnir á ljóðrænan og svolítið ógnvekjandi hátt þegar margir samansoðnir málmferningar eru sprengdir upp hver á eftir öðrum úti í náttúrunni. Einnig sjást kyrrmyndir af skúlptúrunum þar sem þeir virðast hafa sameinast vetrarnáttúrunni í svarthvítri myndinni. Í viðtali við listamanninn í Morgunblaðinu 19. mars sl. segir hann að þetta hafi verið gert í grjótnámu í Geldinganesi, og eftir viðtalinu að dæma var endursviðsetning atburðarins til sýnis í porti Hafnarhússins fyrstu daga sýningarinnar þar sem nú eru verk eftir Joseph Kosuth. Hins vegar er engin vöntun á sprengdum járnverkum á efri hæð safnsins, þau eru reyndar svo mörg að jaðrar við yfirflæði í sýningarýminu. Hvert verk samanstendur oft af röð járnstrendinga eða annarra forma, t.d. krossa, sem eru mismunandi mikið umbreytt með sprengiefni. Í nokkrum tilfellum eru raðað saman mörgum eins formum sem breytast frá því að vera heil og heilleg yfir í sundurtættar agnir. Þetta minnir á framsetningu sumra fyrstu tölvulistaverka áttunda áratugarins sem byggðust á forritun sem braut kerfisbundið niður hrein (geld) form í lífrænar einingar, en hugmyndin um að sprengja upp formið á sér þó miklu lengri sögu. Sýningin ber í sér sterkar tilvísanir til orðræðu rómantíkurinnar um karlmannlega listsköpun þar sem fallustáknið, sprengingin, og sköpunarmáttur hugans mynda samfellt hugmyndakerfi. Expressjónismin sótti kraft sinn í þetta hugmyndakerfi sem upphóf hina karllegu líkamlegu tjáningu við gerð listaverka. Verk þar sem vilji mannsins og díonýsísk frumorka hans er sterkari en hið reglubundna skynsama og apollóníska stýrikerfi feðraveldisins.



Morgunblaðið/Ómar

„Orðaleikurinn [...] gefur [...] aukið gildi og getur orðið áhorfandanum hvatning til að leggja út af eða snúa út úr sjálfri orðræðu sýningarinnar."

Guðjón gerir sums staðar smágrín að þessari hugmyndafræði um leið og hann sækir styrk sinn til hennar. Á neðri hæðinni er titillinn á eina sprengjuverkinu sem þar er að finna: Flat tWINs – not True or heroic resistance. Titill tölvuprentmyndanna á plaststrigann, abstrACT colOUR Feelings er líka svolítið írónískur ásamt fleirum. Þó eru sumir titlarnir á annarri hæðinni mistækari og stundum ekki lausir við stafsetningarvillur. Orðaleikurinn í sýningunni gefur henni þó aukið gildi og getur orðið áhorfandanum hvatning til að leggja út af eða snúa út úr sjálfri orðræðu sýningarinnar. Þannig finnst mér að það hljóti að vera merkingarbært að hin ofurkarlmannlega leikgleði sem birtist við að sprengja verkin skuli hafa farið fram á stað sem ber nafnið Geldinganes. Því ekki er bara verið að sprengja upp hin sterílu form heldur verður umhverfið fyrir barðinu á gjörningnum á táknrænan hátt. Þar sem hin hin rómantíska og enn sprellifandi orðræða listrænnar sköpunar byggist á táknmynd fallussins og orðaforða tímgunar þá er ekki laust við að hugtakið geldingarótti komi upp í hugann. Í hinu stórskemmtilega auglýsingamyndbandi um listamanninn og hinu myndbandinu eftir listamanninn er (skiljanlega) lögð áhersla á aðeins þennan þátt sköpunarferils verkanna, sprenginganna.

Ekkert er sýnt frá þeirri augljóslega miklu og seinlegu vinnu sem hefur farið í að smíða verkin í byrjun og að fínisera og dedúa við þau í lokin. Það er helst þetta síðara sem mér þykir mest óspennandi við verkin, þessi lokafrágangur sem felst í að króma hina sprengdu járnbúta eða mála þau svört og raða upp eins og útstillingu í ofhlaðinni listmunaverslun. Þetta breytir þó ekki því hvað sprengingarnar eru heillandi og einnig hve áhugaverð útkoman getur orðið í mörgum tilvikanna. Þá er ég ekki frá því að endursviðsetning „atburðanna" í Geldinganesi eins og hún var sett upp í portinu (sbr. mynd með viðtalinu) sé áhugaverðari lokaframsetning verka af þessu tagi en sú útgáfa sem sjá má í Hafnarhúsinu. Von er á, í safninu, viðamikilli bók um sýninguna og verk Guðjóns með fjölda texta á næstu dögum. Það afsakar ekki það að sýningunni fylgja engar upplýsingar um listamanninn né verkin, hvorki á snepli né vefsíðu safnsins sem hlýtur að teljast óviðunandi hjá stofnun á borð við Listasafn Reykjavíkur.

Þóra Þórisdóttir

Tónlist | Elín Ósk Óskarsdóttir syngur með Sinfóníuhljómsveitinni

Þekktar og ekki eins þekktar aríuperlur

Eftir Ingveldi Geirsdóttur
ingveldur@mbl.is

SÖNGKONAN Elín Ósk Óskarsdóttir mun syngja margar af sínum uppáhaldsaríum á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í dag og á morgun. Stjórnandi verður Petri Sakari og á efnisskránni eru m.a. verk eftir Wagner, Ponchielli, Verdi og Puccini. Til stóð að Garðar Cortes stjórnaði hljómsveitinni ásamt Óperukórnum í Reykjavík á þessum tónleikum en af því gat ekki orðið og því var Elín Ósk fengin til að gleðja áheyrendur í staðinn. „Þótt ég hafi þurft að stökkva inn í tónleikana með stuttum fyrirvara þá á ég tuttugu ára söngafmæli í ár og finnst svolítið skemmtilegt að þetta skuli banka upp á hjá mér á þeim tímapunkti. Ég er innilega glöð og þakklát fyrir að fá þetta tækifæri með Sinfóníunni, þetta var eiginlega óvænt afmælisgjöf," segir Elín Ósk.



Morgunblaðið/Eyþór

„Ég er innilega glöð og þakklát fyrir að fá þetta tækifæri með Sinfóníunni, þetta var eiginlega óvænt afmælisgjöf," segir Elín Ósk um tónleikana.

Hún ætlar bæði að syngja uppáhaldsaríurnar sínar og aríur sem hún hefur ekki sungið áður en alltaf langað til að syngja með hljómsveit.

„Þar á meðal er stór og mikla aría, Turandot: In questa Reggia, sem dramatískir sópranar ráðast oft í á seinni hluta söngævinnar. Svo eru líka aríuperlur sem ég hef aldrei sungið áður, þetta verða bæði þekktar og ekki eins þekktar aríur, dramatískar og hugljúfar. Það er ekkert þema gegnumgangandi í tónlistarvalinu en Verdi er líklega í meirihluta, hann hefur alltaf verið mitt uppáhald."

Elín segir það mikið tilhlökkunarefni að fá að vinna með Petri Sakari aftur enda sé hann stórkostlegur listamaður. Leiðir Elínar og Petri lágu síðast saman í Íslensku óperunni í uppfærslu á Macbeth svo það er óhætt að búast við mikilli flugeldasýningu þegar þau tvö leiða saman hesta sína að nýju.

„Hljómsveitin spilar inn á milli þess sem ég syng og verður með forleiki úr hinum ýmsu óperum, svolítið tengda óperunum sem ég er að syngja úr. Ég hef ekki sungið heila tónleika áður með Sinfóníuhljómsveitinni þar sem kastljósið er algjörlega á mér en ég er náttúrulega búin að syngja mikið með henni í gegnum árin," segir Elín og bætir við að sér finnist þetta afskaplega spennandi verkefni.

Tónleikarnir eru í Háskólabíói og hefjast í kvöld kl. 20.00 og á laugardaginn kl. 17.00.

TENGLAR

www.sinfonia.is